

ÓLAFUR HALLDÓRSSON

GÖMUL GRÆNLANDSLÝSING

Í GRÆNLANDS annálum er stuttur kafli með fyrirsögn: *Grönlandiæ vetus chorographia á afgömlu kveri*, prentaður í *Grönlands historiske Mindesmærker* III, bls. 226 og 228, dönsk þýðing á bls. 227 og 229 og athugasemdir við textann á bls. 229–33, ennfremur á bls. 38–39 í bók minni, *Grænland í miðaldaritum*, Reykjavík 1978 (stytt GÍM hér á eftir), og athugasemdir við textann á bls. 234–42. Höfundur Grænlands annála, Jón lærði Guðmundsson, hefur tekið þennan kafla eftir gömlu handriti sem bersýnilega hefur verið torlæsilegt á köflum og sums staðar ólæsilegt. Þetta sama gamla kver hefur Arngrímur lærði Jónsson notað þegar hann samdi *Gronlandia*, sjá *Bibl. Arn.* X, bls. 237.22–238.17, og XII, bls. 104, 334 og 351, og tekið þaðan fjarðatal. Í GÍM taldi ég hugsanlegt að Arngrímur hefði einnig tekið kirknatal eftir þessu sama gamla kveri,¹ en við nánari athugun virðist mér, að mismunur sá sem bent hefur verið á að væri á kirknatali Flateyjarbókar² og kirknatali Arngríms sé ekki þess eðlis, að líklegt sé að Arngrímur hafi notað aðra heimild en Flateyjarbók,³ nema svo ólíklega vilji til að hann hafi haft heimild, hliðstæða kirknatali Flateyjarbókar, sem síðar hafi glatast. Ef slík heimild hefur verið til er hugsanlegt að hún hafi verið notuð í Griplu, en í henni hefur verið sagt, eins og í kirknatali Arngríms, að fjórar kirkjur hafi verið í Vestribyggð, sjá GÍM, bls. 37 og 229–34. Í Flateyjarbók og kirknatali Arngríms eru kirkjustaðir nefndir með nafni, t. d. Flat.: ‘hin fjórða í Vogum í Siglufirði’ og Arngrímur: ‘Wogum in Siglufiord’, en í Grænlands annálum: ‘Siglufjörður, kirkja’. Ekkert bendir til að bæjanöfnin hafi verið í kverinu gamla. Fjórði kirkjustaðurinn í Vestribyggð, sem Arngrímur nefnir þannig: ‘N^o in Andafiord’, er

¹ GÍM, bls. 234.

² GÍM, bls. 79.

³ Sjá: Finnur Jónsson, Grönlands gamle Topografi efter Kilderne, *Meddelelser om Grønland* XX, Kjøbenhavn 1899, bls. 289–98; Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonæ Opera Latine conscripta*, *Bibl. Arn.* X, bls. 242, og XII, bls. 104 og 353.

hið eina í kirknatali hans, sem ekki getur verið komið úr Flateyjarbók, og ekki bendir fjarðatal Arngríms til að þetta sé komið úr kverinu gamla. Í kirknatali Flateyjarbókar eru nefndar þrjár kirkjur í Vestribyggð, sem kemur heim við, að þar hafa einungis fundist rústir þriggja kirkjustaða.⁴

Í GÍM hef ég stungið upp á fáeinum leiðréttingum við texta kversins gamla, eins og hann er varðveittur í Grænlands annálum. En þar sem ég þykist nú sjá sumt betur en ég gerði, þegar ég var að ganga frá þeim athugunum, finnst mér rétt að prenta þennan texta aftur. Textinn er hér á eftir prentaður stafréttur eftir skásta handriti annálanna, AM 115 8vo, sem er skrifað af Birni Jónssyni á Skarðsá, og leshættir tveggja handrita, Uppsala Delagardie Nr. 21 (auðkennt B¹) og AM 768 4to (auðkennt B²), eru prentaðir neðanmáls. Önnur ástæða til þess að mér þykir rétt að taka þennan texta aftur til athugunar er að ég prentaði fjarðatal Arngríms á bls. 235–36 í GÍM, en þar hefur orðið það slys, að orðið *kirkja* hefur fallið niður á eftir tveimur fjarðanöfnum; á bls. 235 á að standa í aftari dálki: Hvalseyjarfjörður, kirkja, og á bls. 236 í aftari dálki: Ragnafjörður, kirkja.

Villur eftirritara í texta þeim sem hér er prentaður hafa valdið misskilningi sem víða verður vart í ritum um Grænland. Ég hef ekki séð neina ástæðu til að rekja þann misskilning í athugasemdum við textann hér á eftir.

^{25r} ¹Grønlandiæ vetus *chorographia | ²ä af gömlu kveri | ³Grænland horfer i utsudur. Syndst | ⁴er Heriólfs nes, Enn Hvarfs-gnijpa | ⁵næst firer vestann. þängad kom | ⁶Eýrekur hinn Raudi leingst. og liestz | ⁷þá kominn firer botn Eýreks fiardar. þar er | ⁸stiarna er hafhverf heiter ä aus=⁹tann verdu landi. þä Spalsund. | ¹⁰þä dräng ey. þä Sölvadalur, | ¹¹hann er bygdur austast. þä Töfa=¹²fiördur, þä melracka nes. þä her=¹³iúlfis fiardar kirkia, þä helliþey. og | ¹⁴helliþ eyiar fiördur. þä Ketils-fiördur, | ¹⁵tvær kirkiur, þä *hrakbiarnarey, | ¹⁶Lund-eý, Sýllenda af Eýreks firdi, | ¹⁷þä Álpta-fiördur, Siglufiördur, kirkia, | ¹⁸Hrafns fiördur. þä geingur Sliettuf(iördur) | ¹⁹af hafursfirdi, hornafiördur, Ófun²⁰dinn fiördur. þar er Biskups stöll (þä verður | ²¹hann ad vera i botni Eýreksfiardar) þä | ²²Eýreks fiardar kirkia, af honum geingur aust=²³kars-fiördur kirkia, Hafgrims fiördur. | ²⁴hvalseyiar fiördur. H-f. H.f. H-f. | ²⁵Úr dýrnesi Þä Ísafiördur, þar af gein=²⁶gur Úti bliks

⁴ Knud J. Krogh, Om Grønlands middelalderlige kirkebygninger, *Minjar og menntir*, afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn, Reykjavík 1976, bls. 299.

-f(i)ordur). þá Stranda f(i)ordur), þá | ²⁷eru Midfirder næst *bygder. þá heiter | ²⁸E . . . -Kollu f(i)ordur) annar Dýra f(i)ordur). þá þorvalldz | ²⁹f(i)ordur. Steins f(i)ordur). Bergþörs f(i)ordur), þá er | ³⁰vi daga rödur || ^{25v} ¹vi mǫnnum til Vestre býgdar Sexæringi, | ²(þá telur þar upp firði). þá er úr hinn | ³vestre bygd til lýsu fiardar vj daga | ⁴rödur, þaðann sex daga rödur til Karl= | ⁵búða, þá iij daga rödur til Biarn eýjar | ⁶Xij daga rödur umhverfið — eý | ⁷Eisu-nes æda-nes firer nordann, | ⁸Svo er talid ad clxxxx bygda | ⁹sie i Eýstre bygd. xc i vestre.

25r. 1 chorographia] þannig B²; chronographiæ (?) A, en leiðrétt með yngri hendi; Chonographia, en dregið undir Chono og Geo= skrifað yfir línu með yngri hendi, B¹. 3 utsudur] lytt sudur B². Synst B². 7 þar] það B². 8 hafhverf] komma hér á eftir B¹, af huerf B². heiter] komma hér á eftir B². 13 helliþey. og] ÷ B². 15 tvær] ij. B. hrakbiarnarey] þannig B; hrakbiarnarnes, en nes dregið út og eý skrifað á spássú, A. 17 Siglufiordur] Siglufiardar B¹. 18 Sliettu-] slietti B. 22 Eýreks fiardar] Einarz fiardar B. 22–23 Aust kárs B¹. 23 kirkia] ÷ B². 24 H–f. H.f. H–f.] — B¹, –f –f –f B². 27 bygder] þannig B; bygðum A, en líklega breytt úr bygder. þá] sá B¹, So B². 28 E . . .] Eki B¹; ÷ B². 25v1 Vestre] vestur B². 2 þá — firði] ekki i svigum B². 4 sex] vj B. 5 daga] þannig B; dag A, en a bætt við með daufara bleki. 6 — eý] Ey, punktur á eftir umhverfið, B². 8 clxxxx] 190, fyrst skrifað 180, en það dregið út, B².

ATHUGASEMDIR VIÐ TEXTANN

(vísað er í blaðsíðutal og línu í AM 115 8vo)

25r3 Grænland horfir í útsuður: Þarna er ekki átt við landið sjálft, heldur bygðina, sem horfir móti útsuðri.

3 'Syndst': Þessi orðmynd er ugglaut komin úr kverinu gamla. Höfundi Grænlands annála hefði trúlega verið tamari orðmyndin syðst.

5 'næst': Þetta er vafalaust mislestur fyrir nyrst, sem í gömlu handriti hefði verið skrifað 'nørzt', 'nerzt' eða 'neyrzt', sbr. Hákonar sögu í AM 81 a fol., f. 75rb18: 'Þa var þeim skíput sysla. j næstu þíngæ.'⁵ Hér er 'næstu' mislestur fyrir orð sem í öðrum handritum er skrifað 'neyrdzstu', 'neyrðzto' og 'inn neyrzta' (fyrir 'j næstu'), sjá *Det Arnsmagnæanske Haandskrift 81a Fol.*, Kria 1910–47, bls. 346.6 og nmgr. Setninguna á þá að lesa: *Synnst er Herjólfnsnes, en Hvarfsgnípa nyrst fyrir vestan.* Þetta mun eiga að skilja þannig, að Herjólfnsnes sé fyrir sunnan Eystribyggð, en Hvarfsgnípa fyrir norðan Vestribyggð.

5–6 Þangað kom Eiríkur hinn rauði lengst og lést þá kominn fyrir

⁵ *Early Icelandic Manuscripts in Facsimile III*, Copenhagen 1961.

botn *Eiríksfjarðar*. Í Landnámu og Eiríks sögu rauða er sagt frá því að Eiríkur rauði kannaði Grænland; af þeim frásögnum er augljóst að Hvarfsgnípa er við Vestribyggð. Í Landnámu (*Sturlubók*) segir svo:

Eiríkur sigldi undan Snæfellsjökli. En hann kom utan að Miðjökli, þar sem Bláserkur heitir. Hann fór þaðan suður með landi að leita þess ef þannig væri byggjanda. Hann var hinn fyrsta vetur í Eiríksey, nær miðri hinni eystri (*þannig Hauksbók*; vestri *Sturlubók*) byggð.

Um vorið eftir fór hann til Eiríksfjarðar og tók sér þar bústað. Hann fór það sumar í hina vestri óbyggð og gaf víða örnefni. Hann var annan vetur í Eiríkshólmum við Hvarfsgnípu. En hið þriðja sumar fór hann allt norður til Snæfells og inn í Hrafnfjörð. Þá lést hann kominn fyrir botn Eiríksfjarðar. Hvarf hann þá aftur og var hinn þriðja vetur í Eiríksey fyrir minni Eiríksfjarðar.

Texti Eiríks sögu er á þessa leið:

Sigldi Eiríkur á haf undan Snæfellsjökli og kom utan að jökli þeim er Hvítserkur heitir (*Skálholtsbók*; er h(eitir) Bláserkur *Hauksbók*). Hann fór þaðan suður að leita ef þangað væri byggjanda. Hann var hinn fyrsta vetur í Eiríksey nær miðri hinni vestri (*villa fyrir eystri*) byggðinni.

Um vorið eftir fór hann til Eiríksfjarðar og tók sér þar bústað. Hann fór það sumar í hina vestri óbyggð og gaf víða örnefni. Hann var annan vetur í Eiríkshólmum við Hvarfsgnípu, en hið þriðja sumar fór hann allt norður til Snæfells og inn í Hrafnfjörð. Þá þóttist (kveðst *Hauksbók*) hann kominn fyrir botn Eiríksfjarðar. Hverfur hann þá aftur og var hinn þriðja vetur í Eiríksey fyrir minni Eiríksfjarðar.

Af þessum textum er ljóst, að þeir sem þá skrifuðu hafa hugsað sér að Eiríkur rauði hafi kannað Grænland norður fyrir Vestribyggð. Þar hefur heitið Snæfell og Hrafnfjörður, og líklega hafa menn talið að Hrafnfjörður næði svo langt inn í landið, að inni í honum væru þeir komnir austur á móts við botn Eiríksfjarðar (sjá bls. 152–54).

7–9 'þar er stiarna er hafhverf heiter ä austann verdu landi'. Þetta er örðugt viðfangs og áreiðanlega skakkt lesið. Líklegast er að þetta hafi verið tvær setningar og setningaskil hafi verið í kverinu gamla milli *haf* og *hverf*, en *hverf* sé mislestur fyrir 'hvarf' og síðari setninguna eigi

að lesa: *Hvarf heitir á austanverðu landi*. Þá hefur verið byrjað að telja örnefni austast í Eystribyggð, en síðan haldið áfram og talið í réttri röð vestur um. Fyrri setningin er þá það sem í handritunum er skrifað: 'þar er stiarna er haf-'. Þetta hlýtur að vera staðarákvörðun til viðmiðunar um hve langt Eiríkur hinn rauði hafi komist lengst norður með vesturströnd Grænlands. Líklegast er að í þessari setningu sé 'er'² mislestur fyrir of; ef svo er hefur setningin verið á þessa leið í kverinu gamla: *þar er stjarna of haf*. Mislestur gæti stafað af því, að í kverinu gamla hafi verið notað hátt s, skrifað þannig: l, og latneskt f, sem var skrifað líkt og f í prentletri því sem nú tíðkast; í máðu handriti gat vafist fyrir eftirritara að greina í milli þessara stafa, og trúlega hefur orðmyndin of fyrir yfir komið seytjándu aldar manni ókunnuglega fyrir sjónir. Hins vegar hefur eftirritari varla villst á f og r ef engilsaxneskt f hefur verið notað í kverinu gamla, nema þar hafi verið notað r dregið þannig, að leggurinn hafi náð niður fyrir línu. Þesskonar r og engilsaxneskt f gátu vel farið saman í handritum frá nokkurra áratuga tímabili fyrir og eftir 1300. Svona mislestur gæti því bent til, að kverið gamla hafi annaðhvort verið skrifað um 1200 eða um 1300.

En þótt líklegt sé að í kverinu gamla hafi staðið: *þar er stjarna of haf* er ekki allt fengið; eftir er að átta sig á hvað þetta merkir. Þegar talað er um stjörnu án nánari skilgreiningar í gömlum textum getur það átt við pólstjörnuna, dagstjörnuna (Arcturus) eða sjöstjörnuna.⁶ Þegar ég fjallaði um þennan texta í GÍM taldi ég líklegast að í kverinu gamla væri átt við sjöstjörnuna og að setningin *þar er stjarna of haf* merkti að þar hafi sjöstjarnan ekki gengið undir og að örnefna þeirra sem þessi staðarákvörðun átti við væri þá að leita norður undir Diskóflóa.⁷ Þar gerði ég ráð fyrir að þessi staðarákvörðun ætti við Hvarfsgnípu, en hugsanlegt er að þetta eigi við þann stað, þangað sem Eiríkur rauði komst lengst, sem samkvæmt Landnámu og Eiríks sögu er norður við Snæfell og inni í Hrafnfirði, en þangað sigldi Eiríkur samkvæmt þessum heimildum þriðja sumarið sem hann var á Grænlandi, eftir að hann hafði haft vetursetu í Eiríkhólum við Hvarfsgnípu. Að vísu verður ekki betur séð af texta Grænlands annála en að staðarákvörðunin eigi við Hvarfsgnípu, en þann möguleika verður að athuga, að í kverinu gamla hafi setningin: *Þangað kom Eiríkur hinn rauði lengst og lést þá*

⁶ N. Beckman, *Alfræði íslenzk* II, bls. cxlii–cxliv, og *Nordisk kultur* XXI, bls. 42–43.

⁷ GÍM, bls. 240–41.

kominn fyrir botn Eiríksfjarðar verið tekin úr Landnámu (eða Eiríks sögu rauða), ef hún er ekki viðbót eftirritara, og verður staðarákvörðunin röng, ef setningunni um Snæfell og Hrafnfjörð hefur verið sleppt. Orðalagið *stjarna of haf* er undarlegt, ef þar er átt við stað þar sem stjarnan (sjöstjarnan) hafi ekki gengið undir. Við nánari athugun virðist mér líklegra, að þarna sé átt við stað þar sem stjarna hafi verið yfir hafi að sjá. Þá væri trúlega átt við pólstjörnuna, og væri staðarins þá að leita á vesturströnd Grænlands, þar sem landinu víkur það mikið til austurs, að pólstjarnan væri yfir hafi að sjá, og gæti þá verið átt við nesoddana suður af Nyrðri-Straumfirði.

Þetta verður þó að athuga nánar með hliðsjón af fleiri heimildum. Í útdráttum úr Hauksbók, sem hafa verið gerðir snemma á 17. öld, að ætla má, og eru varðveittir í eftirritum í AM 281 4to og AM 597b 4to, svo og í Grænlands annálum,⁸ er bréf Halldórs prests af Grænlandi til Arnalds prests grænlenska (sjá GÍM, bls. 53–54), skrifað skömmu eftir 1266. Bréf þetta hefur verið í Hauksbók, en hefur glatast úr henni eftir að útdrættirnir voru gerðir. Í bréfi þessu, sem Jón lærði Guðmundsson nefndi Prestaskipsreisu,⁹ segir frá því að prestar í Görðum á Grænlandi skipuðu ‘skip norður að vita hvað títt væri norður frá því er þeir höfðu áður lengst komið’, og var ferðin farin til að huga að Skrælingjum og hvaðan þeir mundu koma. Sagt er að ‘þeir sigldu út af Króksfjarðarheiði, svo að lönd lægði. Síðan kom móti þeim sunnanveður með myrkri og urðu þeir fyrir að halda.’ Þetta er væntanlega svo að skilja, að Grænendingar hafi siglt á haf út af Króksfjarðarheiði, væntanlega í vestur eða suðvestur í átt til Ameríku, því að þar vissu þeir að Skrælingjar voru og trúlega hafa þeir talið að þaðan kæmu Skrælingjar til Grænlands. Í bréfinu segir að Grænendingar komu allt í hafsbotninn og fundu þar nokkrar Skrælingjavistir fornlegar, en fóru síðan aftur þrjú dægur ‘og fundu þeir þar nokkrar Skrælingjavistir, er þeir tóku eyjar nokkrar suður frá Snæfelli. Síðan fóru þeir suður á Króksfjarðarheiði einn mikinn dagróður Jákobsmessudag’, það er 25. júlí, sem árið 1266 svarar til 2. ágúst eftir nýja stíl. Þá segir í bréfinu að sól skein bæði nætur og daga og var svo há um miðnætti ‘sem heima í byggð, þá er hún er í útnorðri.’ Ef gert er ráð fyrir að *heima í byggð* eigi við Garða, sem eru um það bil á 61. gráðu nb., gengur dæmið ekki upp,

⁸ Jón Helgason, Til Hauksbóks historie i det 17. århundrede, *Bibl. Arn. XX*, bls. 2–15; GÍM, bls. 209–14.

⁹ *Bibl. Arn. XX*, bls. 33–37.

því að þar er sól gengin undir sjóndeildarhring í norðvestri á Jakobs-messudag.¹⁰ En ef hugað er að stað þar sem sólarhæð er hin sama um miðnætti og heima í Görðum, þegar hún er í norðvestri, er staðarins að leita um níu breiddargráðum norðar en Garðar, þ. e. á um það bil 70. gráðu nb.¹¹ Samkvæmt bréfi Halldórs prests af Grænlandi er Snæfell enn norðar, og er þess þá væntanlega að leita fyrir norðan Diskóflóa. Hvað sem um það er virðist augljóst að Snæfell hefur verið þar sem Grænlandingar hinir fornu fóru lengst norður og einhvern fjörð norður þar hafa þeir nefnt Hrafnfjörð, en búast má við að Hvarfsgnípa hafi verið nokkru sunnar.

Ög þá er rétt að huga nánar að texta kversins gamla og reyna að átta sig á, hvort staðarákvörðunin *þar er stjarna of haf* eigi við Hvarfsgnípu eða Snæfell og Hrafnfjörð. Augljóst er að setningin: *og lést þá kominn fyrir botn Eiríksfjarðar* er af sömu rót runnin og texti Landnámu og Eiríks sögu rauða. Í texta kversins gamla í Grænlands annálum og í Landnámu stendur *lést*, en í handritum Eiríks sögu 'pottizt' í Skálholtsbók (AM 557 4to) og 'kvez' í Hauksbók (AM 544 4to). Ef þessari setningu hefði verið aukið inn í texta kversins gamla af höfundi Grænlands annála væri þess að vænta að hann hefði notað sögnina *kveðst*, eins og í texta Eiríks sögu í annálunum. Annar möguleiki er að setningunni hafi verið aukið við af ritara kversins gamla, ef það hefur verið eftirrit af eldra forriti. Þriðji kosturinn er að setningin sé upphafleg í texta kversins gamla, og hefur sá texti þá verið notaður í texta þeim sem er varðveittur í Landnámu og Eiríks sögu rauða og aukið við hann af manni sem vissi að land hafði verið kannað norður fyrir Hvarfsgnípu, allt norður til Snæfells. Að sjálfsögðu verður ekki skorið úr þessu með vissu, en satt að segja virðist mér síðasti kosturinn sennilegastur. En því er að skipta, að staðarákvörðunin *þar er stjarna of haf* á við Hvarfsgnípu ef texti kversins gamla er upphaflegur, en væntanlega við Snæfell ef texti Landnámu og Eiríks sögu rauða er eldri.

9 *Spalsund*. Þetta örnefni er talið næst á eftir Hvarfi, ef texti í kverinu gamla hefur verið eins og gert er ráð fyrir hér á undan. Ég gerði ráð fyrir í GÍM, að Spalsund væri mislestur fyrir Hvalsund og væri e. t. v. átt við stað þann sem Ívar Bárðarson nefnir Hvalshyl í Berufirði;¹² þá hefði h verið lesið sem s og v, væntanlega eyleturs-v, sem var

¹⁰ Fridtjof Nansen, *In Northern Mists*, London 1911, I, bls. 311.

¹¹ Þetta hefur Stefán Briem eðlisfræðingur frætt mig um.

¹² GÍM, bls. 236.

skrifað líkt og y, lesið sem p. Þetta er hugsanlegt, einkum að eyleturs-v hafi verið lesið sem p. En við nánari athugun þykir mér ólíklegt að eftirritari hafi lesið Hvalsund eða e. t. v. Svalsund sem Spalsund, sem er *lectio difficilior*, þ. e. að ritari hafi sett torskilin leshátt í stað auðskilins, enda fæ ég ekki betur séð en að nafnið fái staðist. Fyrri hluti nafnsins, Spal-, er þá af spölur, sem er u-stofn, og er nafnið þá sam-bærilegt við t. d. Vallholt, sem er samsett af völlum (u-stofn) og holt. Spölur var í fornu máli haft um það sem var mjótt og langt (sbr. bring-spalir (-spelir)), t. d. rimla í grindverki.¹³

13 'fiardar' er ugglaut villa fyrir fjörður.

16 'Sýllenda'. Í fjarðatali Arngríms lærða stendur: Hrakbjarnarey, Lundey, insulæ (*þ. e. eyjar*). Af þessu má ráða, að 'Sýllenda' í Grænlands annálum sé mislestur fyrir *eylenda* eða *eylendur*.

16 af *Eiríksfirði*. Hrakbjarnarey og Lundey eru bæði í Grænlands annálum og í fjarðatali Arngríms lærða taldar milli Ketilsfjarðar og Álftafjarðar. Ef forsetningin af er hér í merkingunni út af getur Eiríksfirði ekki verið rétt. Þess væri að vænta að þarna ætti að standa af *Álftafirði*.

19 *Hafursfirði* er ugglaut villa fyrir Hrafnfirði. Hér hefur letur í kverinu gamla líklega verið máð. Sléttufjörður er alls ekki nefndur í fjarðatali Arngríms; í stað 18–19 'þá geingur Sliettuf(i)rdur) af hafursfirdi' stendur þar 'Hafafjordur'. Sléttufjörður er ekki nefndur í öðrum heimildum en texta kversins gamla í Grænlands annálum.

20 *Þar er byskupsstóll*. Þessi athugasemd hefur sennilega komist inn á skakkan stað, sjá hér á eftir; í stað þessa stendur 'kirk.' hjá Arngrími.

20–21 (*þá verður hann að vera í botni Eiríksfjarðar*). Þarna hefur höfundur Grænlands annála ugglaut farið eftir Griplu, en í texta þeim sem hann hefur tekið upp eftir henni stendur: 'Garðar heita byskupsstóll í botninum á Eireksfirði', sjá GÍM, bls. 37.25.

22 'Eýreks fiardar' í *A* og 'Einarz fiardar' í *B* er hvort tveggja rangt fyrir *Einarsfjörður*. Athugasemdin í 20 *Þar er byskupsstóll* hefur líklega verið skrifuð yfir línu eða á spássíu í kverinu gamla og hefur átt að koma á eftir 22 *Einarsfjörður, kirkja*. Þetta gæti bent til þess, að þetta

¹³ *Edda Snorra Sturlusonar*, udg. ved Finnur Jónsson, København 1931, bls. 53.18.

fjarða- og kirknatal á Grænlandi hafi verið fest á blað áður en byskupsstóll var settur í Görðum.

22–23 Óvíst er hvort á að lesa Austkarsfjörður eða Austkarsfjörður. Í kirknatalinu í Flateyjarbók er talin kirkja undir Höfða í Austfirði næst á undan byskupsstólnum í Görðum. Þar er væntanlega átt við fjörðinn sem skerst austur úr Einarsfirði innarlega. Ef hann hefur heitið Austkarsfjörður er það náttúrunafn, væntanlega dregið af því að fjörðurinn sé úfinn í austanátt.

24 'H-f. H.f. H-f.' Þetta stendur vafalaust fyrir NN-f, NN-f, NN-f, og á að lesa NN: *nomen nescio*, þ. e. nafnið þekki ég ekki, sem í gömlum handritum var oft skrifað með bandi sem líktist lágu og breiðu H. Höfundur Grænlands annála hefur ekki getað lesið orðið *kirkja* (eða skammstöfunina '.k.') á eftir 24 *Hvalseyjarfjörður*, en í fjarðatali Arngríms stendur 'k.' á eftir þessu fjarðarnafni. Því næst stendur í handritum Grönlandíu Arngríms: 'N^of í A og 'Norf.' í BC,¹⁴ sem líklegt er að standi fyrir NN-f, en því næst: 'Eriksfiord, 3 kirk.' Ef Arngrímur hefur getað lesið það sem þarna stóð í kverinu gamla betur en höfundur Grænlands annála verður að gera ráð fyrir að í því hafi staðið 'NN. f. Eiríks fiörðr .iij. kirkiur'. Ef þetta er rétt hefur ritara kversins gamla vantað nafn á einum firði milli Hvalseyjarfjarðar og Eiríksfjarðar; í Grænlandslýsingu Ívars Bárðarsonar er sá fjörður nefndur Kambstaðafjörður. Hugsanlegt er að höfundur Grænlands annála hafi grillt í bandið fyrir *nomen nescio* í kverinu gamla og skrifað það þrisvar sinnum í stað alls þess sem hann gat ekki lesið. Texti Arngríms fær stuðning af kirknatali Flateyjarbókar; þar eru nefndar þrjár kirkjur milli Einarsfjarðar og Ísafjarðar: að Harðsteinabergi, í Brattahlíð og undir Sólarfjöllum. Textinn er brennlaður, en verður naumast skilinn á annan veg, en að allir þessir kirkjustaðir séu í Eiríksfirði, og kemur heim við, að rústir kirkna hafa fundist á þremur bæjum í Eiríksfirði.¹⁵ En ólíklegt er að nöfn kirkjustaðanna hafi verið nefnd á þessum stað í kverinu gamla; í varðveittum texta þess eru engin bæjanöfn.

25 *úr Dýrnesi*. Engin leið er að vita hvað muni vanta á undan þessum orðum. Í Grænlandslýsingu Ívars Bárðarsonar er getið um Dýrneskirkju: 'Divrenes kircke er then største kirckesogn som paa Grønland ligger, och ligger den samme kircke paa venstre handen som mand

¹⁴ *Bibl. Arn.* X, bls. 238, sbr. bls. 228.

¹⁵ Knud J. Krogh, nefnd grein, bls. 299.

inzeigler i Ericksfiord.’¹⁶ (Dýrnessókn er stærsta kirkjusókn á Grænlandi; kirkjan stendur til vinstri handar þegar siglt er inn Eiríksfjörð.) Í kverinu gamla hefur Dýrnes trúlega verið talið næst á eftir Eiríksfirði, en á eftir Dýrnesi er talinn Ísafjörður. Dýrnes ætti þá að vera á milli Eiríksfjarðar og Ísafjarðar. Þetta kemur heim við, að yst á nesinu fyrir vestan Eiríksfjörð, spölkorn norður af Narssaq hefur fundist kirkjurúst.¹⁷

27–28 ‘þá heiter E . . . -Kollu f(i)rdur’. Af handritum Grænlands annála og Grönlandíu Arngríms er auðséð að hvorki höfundur Grænlands annála né Arngrímur lærði hafa getað lesið það sem næst kom á undan Kollufjörður. Í GÍM giskaði ég á, að í kverinu gamla hefði staðið: ‘en .i.’ á undan Kollufjörður og ætti að lesa *enn einn*,¹⁸ en miðað við samhengi í texta væri eðlilegra að lesa þetta *enn fyrsti*.

25v2–3 *Þá er úr hinni vestri byggð til Lýsufjarðar sex daga róður*. Höfundur Grænlands annála hefur sleppt að skrifa upp fjarðanöfn í Vestribyggð eftir kverinu gamla, sbr. svigagreininna: (*þá telur þar upp firði*), sem er innskot höfundarins. Í fjarðatali Arngríms eru hins vegar nefndir tíu firðir í Vestribyggð og Lýsufjörður talinn fyrstur; einnig er kirkja á Sandnesi í Lýsufirði nefnd fyrst af kirkjum í Vestribyggð í kirknatali Flateyjarbókar, og Lýsufjörður er sagður í Vestribyggð bæði í Grænlandinga sögu og Eiríks sögu rauða. Af þessu er augljóst að 25v3 ‘vestre bygd’ hlýtur að vera villa fyrir Eystribyggð, en setningin öll, *Þá er úr hinni vestri byggð til Lýsufjarðar sex daga róður* er trúlega innskot höfundar Grænlands annála og hefur væntanlega verið í svigum í frumriti þeirra.

4 *þaðan*. Engin leið er að segja um með vissu hvort þetta orð hefur vísað til Lýsufjarðar í kverinu gamla, eða e. t. v. til þess fjarðar sem síðastur var talinn í Vestribyggð, þ. e. Einararfjarðar, og raunar er óvíst að orðið *þaðan* hafi staðið í kverinu gamla. Vel má vera að þar hafi staðið: *Þá er úr hinni vestri byggð sex daga róður til Karlbúða*.

6 *umhverfis*. Hér á eftir vantar í textann. Í GÍM hef ég giskað á að þarna hafi staðið: *fyrir sunnan Bjarney* og að texti 5–7 hafi verið: *þá þriggja daga róður til Bjarneyjar, tólf daga róður umhverfis; fyrir sunn-*

¹⁶ *Det gamle Grønlands beskrivelse af Ívar Bárðarson*, udg. af Finnur Jónsson, København 1930, bls. 27.

¹⁷ Knud J. Krogh, nefnd grein, bls. 299.

¹⁸ GÍM, bls. 39 og 237–38.

an Bjarney Eisunes, *Æðanes fyrir norðan*.¹⁹ Gallinn á þessu er sá, að engin ey við Grænland er svo stór, að tólf daga róður hafi verið umhverfis hana, ef miðað er við að sex daga róður hafi verið úr Eystribbyggð til Vestribbyggðar. Ef talan 'Xij' er mislestur í Grænlands annálum kæmi til greina að hún stæði fyrir vij og v í kverinu gamla hafi verið skrifað með legg dregnum niður fyrir línu (eyleturs-v). Ef Bjarney hefur verið ey sú sem nú heitir Diskó er að vísu vel í lagt, að umhverfis hana sé dagsróðri lengra en milli Eystribbyggðar og Vestribbyggðar, en ekki verður þó sagt að það sé hrein fjarstæða. En eftir korti að dæma er ekki fjarri lagi að sjóleiðin umhverfis Diskó sé um það bil tveir þriðju hlutar vegalengdar úr nyrsta firði Eystribbyggðar og inn í Lýsufjörð; samkvæmt því ætti að standa 'iiij' í stað 'Xij'. En ef miðað er við gamla leturgerð og reynt að giska á hvaða tákn það hafi verið sem eftirritari á 17. öld las sem 'X' kemur raunar helst til greina að það hafi verið karólínska et-bandíð, þ. e. &, sem aðeins verður vart í elstu íslenskum handritum.²⁰ Ef 'X' er mislestur fyrir ok skrifað með karólínsku et-bandí hefur upphaflegur texti verið: *þá þriggja daga róður til Bjarneyjar og tveggja daga róður umhverfis*. Þetta væri eðlilegur texti að öðru leyti en því, að væntanlega hefur verið talið að meira en tveggja daga róður hafi verið umhverfis Bjarney, ef Bjarney hefur verið eyja sú sem nú er nefnd Diskó. Hlutfall milli annarra vegalengda sem eru nefndar í þessum texta: sex daga róður úr Eystribbyggð til Vestribbyggðar, þaðan sex daga róður til Karlbúða, þá þriggja daga róður til Bjarneyjar, er ekki fjarri sanni, ef Karlbúðir hafa verið norður undir Diskóflóa.

8 'clxxxx', þ. e. eitt hundrað og níu tígir, og er vafalaust átt við stórt hundrað, þannig að talan stendur fyrir $120 + 90 = 210$.

Texti þessarar gömlu Grænlandslýsingar er prentaður hér á eftir með öllum þeim leiðréttingum sem stungið var upp á hér að framan. Textinn er prentaður með stafsetningu þeirri sem nú tíðkast og aukinn með örnefnum þeim sem Grönlandía Arngríms lærða hefur fram yfir texta Grænlands annála, og eru þær viðbætur settar innan hornklofa. Orðið *kirkja* er ekki tekið upp í texta á eftir 25r19–20 *Ófundinnfjörður*, enda þótt það standi á þessum stað í fjarðatali Arngríms, enda er ólíklegt að kirkja hafi verið talin í þessum nafnprúða firði í kverinu gamla.

¹⁹ GÍM, bls. 238.

²⁰ Sbr. Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, Reykjavík 1965, bls. 52 og 91.

Austkóns fjörður, sem Arngrímur telur fjórða fjörð í Miðfjörðum, hefur e. t. v. ekki heitið þessu undarlega nafni. Finnur Jónsson segir í Meddelelser om Grønland XX, bls. 284, að 'det løjerlige og umulige Navn *Austkongs-fj.* uden Tvivl er en Forvanskning af *Arnlaugsfjörðr* i Landnáma'. Sjötti fjörður í Vestribyggð heitir hjá Arngrími *Rangafjörður*; það er augljós misritun fyrir *Rangafjörður*, sbr. kirknatal Flateyjarbókar. Rangafjörður er náttúrunafn og bendir til að þessi fjörður komi þvert á annan fjörð.

Grænland horfir í útsuður. Synnst er Herjólfssnes, en Hvarfsgnípa nyrst fyrir vestan. Þangað kom Eiríkur hinn rauði lengst og lést þá kominn fyrir botn Eiríksfjarðar; þar er stjarna of haf.

Hvarf heitir á austanverðu landi, þá Spalsund, þá Drangey, þá Sölvadalur; hann er byggður austast. Þá Tófafjörður, þá Melrakkanes, þá Herjólfssfjörður, kirkja; þá Hellisey og Helliseyjarfjörður, þá Ketilsfjörður, tvær kirkjur; þá Hrakbjarnarey, Lundey, eylandur af Álftafirði; þá Álftafjörður, Siglufjörður, kirkja; Hrafnfjörður. Þá gengur Sléttufjörður af Hrafnfirði; Hornafjörður, Ófundinnfjörður, þá Einarsfjörður, kirkja (þar er byskupsstóll); af honum gengur Austkárshfjörður, kirkja; Hafgrímsfjörður, Hvalseyjarfjörður, [kirkja]; NN-fjörður, [Eiríksfjörður, þrjár kirkjur]; — — — úr Dýrnesi; þá Ísafjörður; þar af gengur Útiblíksfjörður, þá Strandafjörður. Þá eru Miðfirðir næst byggðir; þá heitir hinn fyrsti Kollufjörður, annar Dýrafjörður, þá Þorvaldsfjörður, [Austkóns-fjörður], Steinsfjörður, Bergþórsfjörður.

Þá er sex daga róður sex mönnum til Vestribyggðar sexæringi. [Lýsu-fjörður, kirkja; Hornafjörður, Andafjörður, Svartifjörður, Agnafjörður, Rangafjörður, kirkja; Leirufjörður, Loðinsfjörður, Straumfjörður, Einarsfjörður]. Þaðan (*þ. e. úr Vestribyggð*) sex daga róður til Karlbúða, þá þriggja daga róður til Bjarneyjar og tveggja (?) daga róður umhverfis — — — -ey Eisunes, Æðanes fyrir norðan.

Svo er talið að eitt hundrað og níutígir (*þ. e. 210*) byggða sé í eystri byggð, níu tígir í vestri.

Í byskupa- og kirknatali Flateyjarbókar er Þórður talinn síðastur byskupa. Þórður þessi var byskup í Görðum 1288–1314.²¹ Þar af má ráða, að forrit Flateyjarbókar að byskupa- og kirknatalinu hafi verið frá því um 1300. Í kirknatali Flateyjarbókar eru nefndar tíu kirkjur í

²¹ *Diplomatarium Norvegicum XVII B*, bls. 282.

Eystribýggð í sömu fjörðum og í kverinu gamla og tvær kirkjur að auki. Kirkjustaðirnir sjálfir eru nefndir í Flateyjarbók í þessum fjörðum: Herjólfssnes í Herjólfssfirði, Vatnsdalur í Ketilsfirði, Vík í Ketilsfirði, Vogar í Siglufirði, undir Höfða í Aust(kárs)firði, byskupsstóllinn í Görðum í Einarsfirði, Harðsteinaberg og Brattahlíð í Eiríksfirði, og væntanlega á að skilja texta þannig, að undir Sólarfjöllum sé einnig í Eiríksfirði.²² Ennfremur er talin kirkja í Hvalseyjarfirði, eins og ugglaust hefur verið gert í kverinu gamla, en kirkjur í Ísafirði, á Garðanesi í Miðfjörðum og í Hópi í Agnafirði í Vestribýggð hefur Flateyjarbók fram yfir þær sem taldar hafa verið í kverinu gamla. Hins vegar er Ófundinnfjörður og kirkja þar ekki nefnd í Flateyjarbók. Af þessum mismun verður að ætla, að ritari Flateyjarbókar hafi ekki notað sama forrit og höfundur Grænlands annála og Arngrímur lærði. Af þeim sökum er ekki hægt að nota byskupa- og kirknatal Flateyjarbókar til viðmiðunar um aldur kversins gamla.

Að sjálfsögðu fæst engin örugg vitneskja um aldur kversins gamla. Það minnir um margt á kirknatal íslenskt, sem hefur verið eignað Páli byskupi Jónssyni og líkur benda til að hafi verið sett saman um 1200, sbr. kirknatal Páls: 'Langanes er norðast í Austfirðingafjórðungi, lítt byggt og horfir í landnorður' og upphaf texta kversins gamla.²³ Ef latneskt f og karólínska et-bandið hafa verið notuð í kverinu gamla hefur það varla verið yngra en frá því um 1200. Augljóst er að texti kversins hefur verið saminn eftir að Grænland varð fullbyggt; í því segir að 210 bæir hafi verið í Eystribýggð, en 90 í Vestribýggð. Í Eystribýggð hafa fundist rústir um það bil 220 bæja og um 80 í Vestribýggð.²⁴ Einnig er ljóst að kverið hefur verið samið áður en Vestribýggð fór í eyði. Það má því ætla að kverið hafi verið frá 13. öld, en e. t. v. hefur það þó verið eldra.

Eftir að þessi grein var komin í próförk barst mér í hendur ritgerð eftir Erik Langer Andersen: *De norrøne stednavne i Østerbygden, Grønland* Nr. 5–6–7 — 1982, bls. 163–76. Á bls. 173 í þessari ritgerð

²² GÍM, bls. 79.

²³ *Íslenskt fornbréfasafn* XII, bls. 1–15, sjá bls. 3.

²⁴ Knud J. Krogh, *Erik den Rødes Grønland*, Odense 1967, bls. 52. Eitthvað hefur fundist af bæjarrústum eftir að þessi bók var skrifuð og ugglaust er eitthvað ófundið ennþá, bæði af rústum bæja og kirkna.

stendur eftirfarandi um fjarðatalið í Grænlands annálum og Grönlandíu Arngríms:

Da vi ikke nærmere kan bestemme slægtskabet mellem Björns og Arngrímurs fjordlister, er det heller ikke forsvarligt at forsøge en rekonstruktion af en original.

Mér virðist hins vegar augljóst, að Arngrímur hafi notað sama handrit og höfundur Grænlands annála, sbr. athugasemdir við 25r16, 19, 20 og 24; 25v2 og Bibl. Arn. X 238.8–13, 25v4–7 og Bibl. Arn. X 238.14–15, 25v8–9 og Bibl. Arn. X 238.16–17. Þegar augljóst er að tvö rit hafa notað sömu heimild sem síðar hefur glatast, er vitanlega sjálfsagt að nota bæði ritin til að reyna að átta sig á hvernig texti sameiginlegrar heimildar hafi verið. Fyrr en það hefur verið gert er óviturlegt að fella dóm um ágæti heimildarinnar eða ónýti.